

77

24. maí

REGLUR**um göngusilungsveiði á félagssvæði Veiðifélags Árnesinga.**

1. gr.

Á félagssvæði Veiðifélags Árnesinga er óheimilt að stunda göngusilungsveiði, nema á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst ár hvert. Á þessum veiðitíma skal þó óheimilt að stunda slíka veiði í net frá kl. 9 á föstudagskvöldi til kl. 9 á mánudagsmorgni í viku hverri.

2. gr.

Til veiði þeirrar, er getur í 1. gr., má aðeins nota stöng og lagnet, er lögð séu frá bakka, og skal möskvastærðin vera þannig, að 4,5—5,0 cm verði milli hnúta í möskvum, þá net eru vot. Kláfa, grjótgarda eða annan lagnarútbúnað má ekki nota.

Heimilt skal þó ráðherra, samkvæmt tillögu veiðimálastjóra að veita undanþágu fyrir lagnarútbúnað, þar sem ekki er hægt að veiða á annan hátt.

3. gr.

Með reglum þessum eru nundar úr gildi reglur nr. 138 7. júní 1943.

4. gr.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Reglur þessar staðfestast hér með samkvæmt 2. mgr. 69. gr. laga nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 24. maí 1948.

Bjarni Ásgeirsson.

Gunnl. E. Briem.

78

18. ágúst

REGLUGERÐ**um hámarksökuhraða bifreiða við Álafoss í Kjósarsýslu.**

1. gr.

Á veginum frá vegamótum Álafossafleggjara og Vesturlandsvegur upp á hæðina fyrir ofan verksmiðjuhús Álafoss má ökuhraði bifreiða og bifhjóla aldrei vera yfir 15 km á klukkustund.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 26. gr. bifreiðalaga nr. 23 16. júní 1941, til að öðlast gildi þegar í stað.

Dómsmálaráðuneytið, 18. ágúst 1948.

Bjarni Benediktsson.

Gústav A. Jónasson.